

Mál nr. 7/2009

Umf. Neisti gegn Umfl.

Kæra Umf. Neista

Dómkröfur

- Að leikurinn verði dæmdur 0-3 sigur fyrir neista.

Málavextir

- Þessi leikur fór fram 12. ágúst á Þórshöfn. UMFL – Neisti D., 5. flokkur karla var að spila og þar sem UMFL voru augljóslega með eldri strák í markinu, sem hafði gífurleg áhrif á leikinn frá fyrstu minutu til enda leiks, krefst ég að þetta mál verði skoðað og dæmdur Neista í vil. Leikurinn endaði 4-1 fyrir UMFL

Tilvísun

- einungis er leyfilegt fyrir krakka á aldrinum '98 og '97 model að spila í 5. flokki, en ekki '96 model eins og markmaðurinn hjá þeim.

Röksemdir

- Við eigum allan rétt á því að þessi leikur verði dæmdur okkur í vil. Vegna þess að þeir voru með eldri strák í markinu og samkvæmt reglum, er það engan veginn löglegt að vera með '96 model í 5 flokk. á þessu ári.

Sönnunargögn

- a. það er enginn leikskýrsla gerð í þessum flokki. Svo það er ekkert sönnunargagn til á blaði, en það þarf ekkert. Hann er líklega búinn að spila í markinu hjá þeim í allt sumar. Það eru nóg af sönnunargögnum í kringum þetta lið og liðin sem hefur spilað á móti þeim.
- b. Getið talað í formann UMFL, Sölvi Alfreðsson. Hann er faðir drengsins, hann neitaði að gefa upp hvað strákurinn væri gamall eftir leikinn.

Vitni

Nafn: Ásgeir Björnsson

Heimilisfang: Júllatún 6

Nafn: Guðmundur Helgi Stefánsson

Heimilisfang: Hlíð 15

Virðingarrýllst

f.h. Umf. Neista

Sóley Dögg Birgisdóttir

Greinargerð frá Umfl.

1. Þessi umræddi leikur sem kærður hefur verið átti að fara fram 18 júní s.l. á Þórshöfn. Neisti bað um frestun á leiknum vegna þess að þeir vildu ná í söm ferð leik við Einherja á Vopnarfirði og UMFL á Þórshöfn. Frestað var leiknum um óákveðin tíma en Neisti hafði samband við UMFL seinna í júlí og komu með dagsetningu sem hentaði UMFL ekki. Þeir höfðu síðan samband aftur í ágúst og ákveðið var að hafa leikinn 12 ágúst. Þjálfari UMFL Þorsteinn Ægir Egilsson bað um að fá sent tilkynningarblað um frestun á leik sem barst aldrei til UMFL og þar af leiðandi ekki til KSÍ.
Að okkar mati fóru þeir ekki eftir tilsettum reglum KSÍ sambandi við frestun leikja. Eins og sést á heimasíðu KSÍ þá fór leikurinn fram 18 júní. Samkvæmt því er of seint að kæra.
2. UMFL reyndi að koma á móts við Neista um að finna hentugan leikdag svo Neisti gæti spilað tvo leiki í sömu ferðinni. Umræddur leikmaður sem kæran snýst um var í marki þennan umrædda leik en hann er fæddur 1996. Neisti heldur því fram að þetta hafi gjörbreitt leiknum og hann hafi skipt sköpum um gang leiksins. En að okkar mati þá er það ekki rétt hjá þeim að segja þetta, og heldur ekki að segja það að við höfum verið með hann í marki í allt sumar. Við vísum þessu alfarið á bug. Við notuðum þennan markmann af íllri nauðsyn til þess að leikurinn gæti farið fram þennan umrædda dag.
3. Neisti fer fram á 0-3 sigur sem við sættum okkur ekki við vegna ofangreindrar skýringar. Við vonum að þetta leysist á farsælan hátt og vonumst eftir svári áður ef til peningasektar kemur.

Virðingarfyllst

F.h. Ungmennafélag Langnesinga
Sölvi Steinn Alfreðsson
Formaður

Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2009, þriðjudaginn 15. sept., er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Halldóri Frímannssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2009
Ungmennafélagið Neisti
geng
Ungmennafélagi Langnesinga

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

Úrskurður:

I.

Kærandi:

Ungmennafélagið Neisti
Fyrirsvarsmaður: Skúli Andrésson

Kærði:

Ungmennafélag Langnesinga
Fyrirsvarsmaður: Sölvi Steinn Alfreðsson

Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ þann 18. ágúst s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag og barst greinargerð kærða nefndinni þann 26. ágúst s.l.

Kröfur:

Kærnadi krefst þess að leikur Neista og UMFL sem fram fór þann 12. ágúst 2009 verði dæmdur UMFL tapaður 0-3.

Kærði krefst þess að úrslit leiksins standi óbreytt.

II.**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Leikur UMFL og Neista fór fram 12. ágúst s.l. og lauk með sigri UMFL 4-1. Kærandi heldur því fram að í marki UMFL hafi verið leikmaður fæddur árið 1996 en gjaldgengir til þátttöku í leikjum í 5. flokki eru einungis leikmenn fæddir árin 1997 og 1998. Því hafi lið UMFL verið ólöglega skipað og beri að dæma leikinn þeim tapaðan 0-3 skv. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kærði byggir kröfur sínar á því að þar sem leikur þessi hafi átt að fara fram 18. júní s.l. en verið frestað að ósk kæranda til 12. ágúst sé kæra of seint fram komin.

III.**Niðurstaða:**

Í máli þessu er óumdeilt að UMFL notaði eldri leikmann í leik sínum gegn Neista þann 12. ágúst s.l. Samkvæmt gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót telst lið sem mætir ólöglega skipað til leiks hafa tapað leiknum 0-3.

Kærufrestur telst frá þeim tíma sem leikur er spilaður en ekki frá upphaflega áætluðum leikdegi og var því kærufrestur í máli þessu ekki liðinn er kæra var lögð fram.

Með vísan til framnritaðs telst UMFL hafa tapað leik sínum gegn Neista 0-3.

V.

Úrskurðarorð:

Ungmennafélagið Neisti telst hafa unnið leik gegn Ungmennafélagi Langnesinga í Íslandsmóti 5. flokks karla sem fram fór þann 12. ágúst 2009 með markatölunni 0-3. Ungmennafélag Langnesinga skal greiða sekt að fjárhæð kr. 5.000 til KSÍ.

Helgi R. Magnússon (sign.)

Halldór Frímansson (sign.)

Sigurður I. Halldórsson (sign.)